

109

19. nóv.

## S A M Þ Y K K T

um viðauka við samþykkt um leigu á lóðum bæjarsjóðs Reykjavíkur  
til íbúðarhúsabygginga frá 5. nóvember 1927.

Aftan við 1. mgr. 4. gr. komi ný málsgrein svohljóðandi:

Þegar sérstaklega stendur á getur bæjarstjórnin þó gert leigusamninga um einstakar lóðir þar sem áskilin sé hærri ársleiga en 5% af fasteignamatsverði lóðanna, enda samþykki ráðuneyti það, sem fer með sveitarstjórnarmál, leigumálann hverju sinni

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefir samið samkvæmt 31. gr. tilskipunar 20. apríl 1872, staðfestist hérmeð til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 19. nóvember 1935.*

**Haraldur Guðmundsson.**

*Vigfús Einarsson.*

110

12. des.

**Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Framfarasjóð B. H. Bjarnasonar kaupmanns“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra, 12. desember 1935.**

Skipulagsskráin er þannig:

## S K I P U L A G S S K R Á

fyrir Framfarasjóð B. H. Bjarnasonar kaupmanns.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Framfarasjóður B. H. Bjarnasonar kaupmanns.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður samkvæmt ákvæði í erfðaskrá B. H. Bjarnasonar, kaupmanns í Reykjavík, er andaðist 17. desember 1934, með 25000 kr. af eftirlátum eigum hans.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja karla og konur af öllum stéttum, lærða og leika, sem lokið hafa prófi í gagnlegri námsgrein og taldir eru öðrum fremur

efnilegir, til framhaldsnáms, sérstaklega erlendis. Sjóðurinn tekur til starfa 14. febrúar 1936 á sjötugasta og fyrsta aldursafmæli gefanda.

**110**  
12. des.

#### 4. gr.

Sjóðnum skal stjórnað af þriggja manna nefnd. Kys háskólaráðið einn nefndarmanna, verzlunarráðið annan og iðnráðið í Reykjavík þann þriðja. Svo kys og hver þessara aðilja einn mann til vara í stjórnina og tekur hann þar sæti í forföllum aðalmanns sama ráðs. Kosningin gildir til þriggja ára og skal fulltrúi háskólans vera formaður nefndarinnar. Að öðru leyti skiptir stjórnin sjálf með sér verkum.

#### 5. gr.

Sjóðinn skal ávaxta með því að kaupa fyrir fé hans bankavaxtabréf veðdeildar Landsbankans, eða önnur verðbréf hins opinbera, sem að dómi sjóðsstjórnarinnar eru jafntrygg þeim. Það, sem fyrir hendi kann að vera af peningum á hverjum tíma, skal ávaxtað í sparisjóði Landsbanka Íslands í Reykjavík.

#### 6. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Af vöxtum hans skal aldrei leggja minna en  $\frac{1}{5}$  við höfuðstólinn; en allt að  $\frac{4}{5}$  hlutum vaxtanna má verja til styrktar efnismönnum til framhaldsnáms, samkvæmt því, sem segir í 3. gr. — Heimilt er stjórninni, hvenær sem henni þykir henta, að geyma þenna hluta vaxtanna að einhverju eða öllu leyti, til næsta árs og til úthlutunar þá, ef ekki þykir ástæða til að úthluta honum að fullu á því ári, sem þá stendur yfir.

#### 7. gr.

Stjórn sjóðsins auglýsir árlega með hæfilegum fyrirvara eftir umsóknum um styrk úr sjóðnum, og úthlutar síðan styrknum í samræmi við ákvæði skipulagsskrár þessarar og að öðru leyti eftir því, sem hún telur henta. Hún skal þó ávallt gæta þess, að hver einstök styrkuppþæð sé eigi lægri en svo, að hún sé hlutaðeiganda veruleg stoð við nám. Veita má sama námsmanni styrk í allt að 2 ár, og er stjórninni heimilt að ákveða slíkt fyrirfram, um leið og námsmanninum er veittur styrkur í upphafi.

Að öðru jöfnu skulu niðjar B. H. Bjarnasonar kaupmanns, börn fósturbarna hans, þeirra Steinunnar G. Sigurðardóttur, nú til heimilis á Sólvallagötu 14 í Reykjavík, og Hjartar Guðmundssonar frá Austurhlíð, svo og niðjar systkina B. H. Bjarnasonar hafa forgangsrétt umfram vandalaus til styrks úr sjóðnum.

#### 8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Fyrir lok janúarmánaðar ár hvert skal stjórnin hafa samið reikning hans fyrir liðið ár, og skal hann síðan endurskoðaður af löggiltum endurskoðara, sem lögmaðurinn nefnir til þess til þriggja ára í senn. Að lokinni endurskoðun sér stjórnin um, að reikningurinn sé birtur í Lögbirtingablaðinu.

**110**

12. des.

Stjórn sjóðsins ber að færa bækur yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld. Skal þar í færa ársreikninga sjóðsins.

9. gr.

10. gr.

Halda skal stjórnin gerðabók, og skal í hana færa skipulagsskrá þessa, fundargerðir og skrá yfir umsóknir og styrkveitingar.

11. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari. Henni má aldrei breyta, nema að því leyti, sem óhjákvæmilegt kann að verða, ef einhver af ráðum þeim eða stofnunum, sem nefnd eru í skipulagsskrá þessari, verða lögð niður. Ákveður þá yfirstjórn kennslumála á Íslandi, að fengnum tillögum sjóðsstjórnarinnar, hver koma skuli í stað þess ráðs eða stofnunar, sem lagt hefir verið niður

Reykjavík, 10. desember 1935.

Skiptaforstjórnir í dánarbúi Brynjólfs H. Bjarnasonar kaupmanns.

Ágúst H. Bjarnason. Magnús Sigurðsson.

Jón Ásbjörnsson.

**111**

18. des.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Ólafar Bjarnadóttur frá Egilsstöðum, útgefin á venjulegan hátt að mandatum þann 18. desember 1935 af dóms- og kirkjumálaráðherra.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Ólafar Bjarnadóttur, Egilsstöðum.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Minningarsjóður Ólafar Bjarnadóttur“ og er stofnaður á 100 ára afmælisdegi hennar, 1. nóvember 1934, af barnabörnum hennar. Er stofnfé sjóðsins kr. 1000.00.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja og hjálpa sjúku og fátæku fólki í Vallahreppi, er ekki þiggur af sveit.

3. gr.

Sjóðnum skal stjórnað af forstöðukonu húsmæðraskólans á Hallormsstað, og er hún formaður sjóðstjórnar, forstöðukonu kvenfélags Vallahrepps og odd-